

A 1758/holdbart

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga um stefnu á sviði endurvinnslu**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að útflutningur úrgangs megi einungis fara fram til landa, sem geta sýnt fram á endurvinnslu eða umhverfislega réttlætanlega förgun úrgangsins;

að Norræna ráðherranefndin móti tillögu að sameiginlegri stefnu á sviði endurvinnslu allra tegunda úrgangs;

að Norræna ráðherranefndin móti norrænt styrkjakerfi fyrir rannsóknir og þróun nýrra endurvinnsluaðferða.

Bakgrunnur

Í dag er stór hluti úrgangs Norðurlandanna fluttur út til annarra landa. Þegar úrgangur er seldur telst það vera auðlind sem skuli endurvinna. En í reynd verður stór hluti útflutts úrgangs að umhverfisvanda í löndunum sem taka við honum. Þannig er málum varið t.d. í Kína þar sem stjórnvöld nú stöðva innflutning plastúrgangs. Bara árið 2016 fluttu vestræn ríki út sjö milljónir tonna plastúrgangs til Kína. Plastið sem flutt er út er venjulega sú tegund úrgangs sem erfiðast er að endurvinna. Sama á við um aðrar tegundir úrgangs, þar sem endurvinnsla beinist bara að efnum sem auðvelt er að endurvinna á meðan efni sem erfitt er að endurvinna eru send til útlanda.

Á þann hátt flytjum við umhverfisvanda til landa sem oft hafa ekki efni á því að segja nei. Um leið missum við af mörgum hugsanlegum störfum og útflutningshæfri þekkingu þegar við sendum vandann áfram til annarra landa.



Ef við í staðinn tökum ábyrgð á eigin úrgangi og breytum honum í auðlind, gætum við ekki bara umhverfisins heldur sköpum einnig ný störf í löndunum.

Stokkhólmi, 23. janúar 2018

Annette Lind (S)	Nina Sandberg (A)
Claus Larsen-Jensen (S)	Oddný Harðardóttir (A)
Emilia Töyrä (S)	Orla Hav (S)
Erkki Tuomioja (sd)	Per-Arne Håkansson (S)
Eva Sonidsson (S)	Peter Johnsson (S)
Henrik Dam Kristensen (S)	Phia Andersson (S)
Ineqi Kielsen (S)	Pyry Niemi (S)
Ingalill Olsen (A)	Rikard Larsson (S)
Jorodd Asphjell (A)	Ruth Mari Grung (A)
Karen J. Klint (S)	Stein Erik Lauvås (A)
Karin Gaardsted (S)	Suzanne Svensson (S)
Lars Mejern Larsson (S)	Tony Wikström (ÅSD)
Lennart Axelsson (S)	Ville Skinnari (sd)
Maarit Feldt-Ranta (sd)	